

REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Bakkafjörð nr. 302/1972
sbr. reglugerð nr. 187/1972.

1. gr.

1. gr. orðist svo:

Höfnin takmarkast af beinni línu sem hugsast dregin úr Svartnesi í Fossá í Fossdal utan við Gunnólfsvíkurfjall.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 69/1984 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 20. maí 1985.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir auglýsingar í Ríkisútvarpinu.

I. Hljóðvarp (Miðað er við krónur fyrir hvert orð)

Flokkur 1.

Dánartilk. jarðarfarir, tapað fundið kr. 25

Flokkur 2.

Messur og góðgerðarstarfsemi kr. 40

Flokkur 3.

Opinberar tilkynningar, auglýsingar fundahöld. Kvikmynda- og leiksýningar.

Auglýsingar um verslun og viðskipti sem lesnar eru kl. 09.30 og kl. 16.00 kr. 70

Flokkur 4.

Auglýsingar um verslun og viðskipti, lesnar í hádegi og fyrir kvöldfréttir. Augl. 7.30 og 8.05 kr. 85

Flokkur 5.

Allar auglýsingar og tilkynningar, hvers efnis sem er, lesnar eftir kvöldfréttir og auglýsingar um verslun og viðskipti lesnar á samtengdum rásum kr. 175